

Stjórnugrís hf  
Saltvík 1  
162 Reykjavík

Reykjavík, 13.12.2023  
UST202302-117/K.K.  
08.12.02

## Efni: Reglubundið eftirlit þann 29. nóvember 2023 – Stjórnugrís að Melum

Þann 29. nóvember 2023 fór fram eftirlit í Stjórnugrís að Melum. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Þrjú frávík eru opin frá fyrri eftirlitum:

1. Í gr. 2.8 í starfsleyfinu kemur fram að safnþrær skulu vera yfirbyggðar, þéttar og þannig frá þeim gengið að ekki leki úr þeim í umhverfið. Fremri þróin er ekki yfirbyggð.
2. Í gr. 2.14 í starfsleyfinu kemur fram að bundið slitlag með niðurföllum skuli vera við dyr þar sem afhending dýra fer fram. Eitt af húsunum uppfyllir ekki þessar kröfur.
3. Ófullnægjandi árekstrarvarnir eru við olíutanka á lóð, frávík frá 42. gr. reglugerðar 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Árekstrarvörnum var ábótavant við einn tank sem áður var notaður til kyndingar.

Þrjár ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varða:

1. Rekstraraðila er bent á að uppfæra upplýsingar um aukaafurðir dýra í græna bókhaldinu.
2. Rekstraraðila er bent á að yfirfara upplýsingar sem fram koma í útstreymisbókhaldinu um magn af ryki sem kemur frá starfsemi, einnig að upplýsingar um losun á heildarmagni köfnunarefnis og heildarmagni fosfórs í bæði vatn og á land vantar í útstreymisbókhaldið, sé losunin yfir viðmiðunarmörkum í viðauka II í reglugerð 990/2008 um útstreymisbókhald.
3. Rekstraraðila er bent á að yfirfara hvort allt sem kemur fram í BAT1 sé í umhverfisstjórnunarkerfi búsins.

**Fjögur frávik komu fram er varða:**

1. Gr. 11 í reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald. Grænt bókhald fyrir árið 2021 barst ekki fyrir 1. maí 2022. Grænt bókhald barst Umhverfisstofnun þann 22. ágúst 2022. Frávikinu telst lokið.
2. Gr. 11 í reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald. Grænt bókhald fyrir árið 2022 barst ekki fyrir 1. maí 2023. Grænt bókhald barst Umhverfisstofnun þann 27. júlí 2023. Frávikinu telst lokið.
3. Gr. 2 í reglugerð nr. 990/2008 um ústreymsibókhald. Ústreymsibókhald fyrir árið 2021 barst ekki fyrir 1. maí 2022. Ústreymsibókhaldið barst Umhverfisstofnun þann 9. ágúst 2022. Frávikinu telst lokið.
4. Gr. 2 í reglugerð nr. 990/2008 um ústreymsibókhald. Ústreymsibókhald fyrir árið 2022 barst ekki fyrir 1. maí 2023. Ústreymsibókhaldið barst Umhverfisstofnun þann 30. júní 2023. Frávikinu telst lokið.

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 10. janúar 2024.**

Virðingarfyllt

Kristín Kröyer  
sérfræðingur

Freyr Ævarsson  
sérfræðingur